



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Grunnur B

ÍSLE1GB05

Námsáætlun – haustönn 2025

### Kennarar áfangans

Jón Özur Snorrason (JÖZ) [jozur@fsu.is](mailto:jozur@fsu.is) Kristjana Hallgrímsdóttir (KH) [kristjanah@fsu.is](mailto:kristjanah@fsu.is)

Stefán Hannesson (SHA) [stefanhannesson@fsu.is](mailto:stefanhannesson@fsu.is) og Þuríður Magnúsína Björnsdóttir (PMB) [thuridur@fsu.is](mailto:thuridur@fsu.is)

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er lagt upp með að nemendur þjálfist í lestri, lesskilningi, framsögn, málnotkun og ritun. Lesin er ein skáldsaga og verkefni tengd henni unnin til að þjálfra ritun, lesskilning og málnotkun. Að auki eru unnin smærri verkefni sem ætluð eru til að þjálfra nemendur í munnlegri og skriflegri tjáningu og túlkun.

**Undanfari:** ÍSLE1GA05 eða grunnskólaeinkunn upp á C+ í íslensku.

### Markmið áfangans

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðasmíð
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli ungs fólks
- mismunandi lestraraðferðum
- nokkrum tegundum nytja- og bókmenntatexta
- helstu bókmenntahugtökum

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa mismunandi textagerðir í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta málfræðihugtök til að bæta eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk og fjalla um inntak þeirra
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- byggja upp mismunandi texta með viðeigandi málfari
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar texta
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir og skoðanir á málefnalegan hátt
- nýta algengar leiðir til að leggja áherslu á orð sín
- beita blæbrigðum í máli til að forðast einhæfni og endurtekningar
- setja sig í spor annarra og virða skoðanir þeirra

## Námsefni

- Skáldsagan *Sonur minn* eftir Alejandro Palomas
- Efni frá kennara

## Námsmat

- Skrátnastur er maður sjálfur próf 5%
- Sonur minn (verkefnavinna og próf) 30%
- Ritgerð Sonur minn 15%
- Ritunarverkefni 10%
- Málnotkun (verkefnavinna og próf) 30%
- Framsögn 10%

## Kröfur og verkefnaskil

- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Verkefni birtast í Innu og er almennt skilað rafrænt þangað.
- Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur tekið sjúkrapróf. Kennari ákveður sjúkraprófsdag.
- Símanotkun í tímum er óheimil nema þess þurfi í tengslum við verkefni. Ekki er leyft að vinna verkefnin sjálf í símanum.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda. Gerist nemandur uppvísir um ritstuld fá þeir undantekningarlaust einkunnina 0.
- Kennarar taka einungis við skilaboðum í gegnum Innu eða í tölvupósti, ekki í Messenger.

## Vinnuáætlun – haustönn 2025

| Dags.                                                       | Viðfangsefni                                                                          |
|-------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------|
| 18. - 22. ágúst<br>Kennsla hefst 19. ágúst.                 | Áfangi kynntur. Lesum textann <b>Skrýtnastur er maður sjálfur</b> .<br>Verkefnavinna. |
| 25. - 29. ágúst                                             | <b>SEMS:</b> Verkefnavinna og <b>próf</b> .                                           |
| 1. - 5. sept.                                               | <b>Ritun</b><br>Grunnfærni ritunar. Bygging efnisgreina.                              |
| 8. - 12. sept.                                              | Stutt ritunarverkefni rökfærsla og heimildir.<br>Byrja að lesa <b>Sonur minn</b> .    |
| 15. - 19. sept.                                             | Skapandi ritun.                                                                       |
| 22. - 26. sept.                                             | <b>Sonur minn</b><br>Próf 1 í fyrri tímanum (bls. 11-72). Umræður og verkefni.        |
| 29. sept. - 3. okt.<br>Áfangamessa mið.                     | Próf 2 í fyrri tímanum (bls. 73-144). Umræður og verkefni.                            |
| 6. - 10. okt.<br>Valdagur mið.                              | Próf 3 í fyrri tímanum (bls. 145-213). Umræður og verkefni.                           |
| 13. - 17. okt.<br>Miðannarmat                               | Ritgerð <b>Sonur minn</b> , innlögn. Vinna í tímum.                                   |
| 20. - 24. okt.<br>Haustfrí 23. og 24.                       | Ritgerð kláruð og skilað.                                                             |
| 27. - 31. okt.                                              | <b>Málnotkun</b><br>Verkefnavinna.                                                    |
| 3. - 7. nóv.                                                | Verkefnavinna.                                                                        |
| 10. - 14. nóv.                                              | Verkefnavinna.                                                                        |
| 17. - 21. nóv.                                              | Málnotkun, uppsóp, upprifjun. <b>Próf</b> .                                           |
| 24. - 28. nóv.                                              | <b>Framsögn og læsi</b><br>Verkefnavinna.                                             |
| 1. - 5. des.                                                | Verkefnavinna.                                                                        |
| 8. - 12. des.<br>Síðasti kennsludagur mið.<br>10. desember. | Verkefnavinna.                                                                        |

Með von um góða samvinnu.

Gert með fyrirvara um breytingar.

15. ágúst 2025, íslenskukennarar.